

JARN & GILLER

Framúrskarandi í 80 ár

Allt frá árinu 1942 hefur Járn & Gler hf. sérhæft sig í innflutningi og sölu á margvíslegum vörum. Úrvalið er nær ótæmandi: hvort sem það eru fylgihlutir fyrir hurðir og glugga, skrúfur, þéttefni, verkfæri, grill, rammalistar, gler eða hvers kyns aðgangsstýringar þá geturðu fundið það hjá okkur. Járn & Gler byggir á ríkri sögu, þjónustulund og hágæða vörum – og fyrir vikið erum við ennþá hér eftir 80 ár.

Þrátt fyrir að starfa á virkum samkeppnismarkaði við önnur fyrirtæki hefur Járn & Gler vaxið jafnt og þétt þökk sé ánægðum hópi viðskiptavina sem hefur fylgt okkur í gegnum árin. Við leggjum metnað í að veita góða þjónustu og að skapa gott starfsumhverfi fyrir fólkið okkar sem nú telur á annan tug og flest með langan starfsaldur hjá fyrirtækinu. Þessi sýn hefur skilað okkur árlegri viðurkenningu frá Credit Info sem eitt af framúrskarandi fyrirtækum landsins og við erum rétt að byrja.





GEZE



Hurðabúnaður á heimsmælikvarða

Ein af aðalinnflutningsgreinum Járns & glers hafa lengi verið vörur frá GEZE, sem eru kunnar af miklum gæðum. GEZE er stór þýskur framleiðandi á hurðapumpum, rennihurðabrautum, gluggaopnunarbúnuðum sem og sjálfvirkum glugga- og hurðaopnunarbúnaði. Járn & Gler hefur flutt inn vörur frá GEZE í sex áratugi og hefur á þeim tíma myndað traust viðskiptasamband við þýska fyrirtækið, sem er meðal þeirra fremstu í heiminum á sínu sviði.

Sala, uppsetning og þjónusta á sjálfvirkum hurðaropnunarbúnaði hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár til að mæta ákalli um bætt, þægilegra og hindrunarlaust aðgengi. Við höfum allt sem þarf til að uppfylla kröfur um algilda hönnun og sjálfvirk aðgengi; eins og sjálfvirk rennihurðardrif og rafdrifna hurðaropnun frá GEZE, hringhurðir og aðgangshlið frá Boon Edam, drifbúnað fyrir iðnaðarrennihurðir frá Dictator og gluggaopnunarmótora frá Topp.



Powerturn F

Sterkasta hurðapumpan okkar sameinuð miklu öryggi og ákjósanlegu hreinlæti.

Powerturn sjálfvirka hurðapumpan fyrir vængjahurðir opnar jafnvel stórar og þungar hurðir allt að 600kg á áreiðnalegan og öruggan hátt. "Strong One" frá Geze er einnig fullkomin lausn fyrir eldvarnarhurðir. Þökk sé lágrí hæð hennar, aðeins 7 cm, passar hurðapumpan óaðfinnanlega inn í hvaða hönnun sem er.

Þegar hún er notuð ásamt GC 307+ snertilausa skynjaranum okkar og GC 342+ öryggisskynjaranum veitir Powerturn hentuga, þrífalega og örugga aðgangslausn.

Aðgengi og áhersla á hreinlæti eru mikilvægir þættir þegar kemur að þægindum og bættum lífsgæðum fyrir alla.



GC 307+

Algjörlega sjálfvirkur nálægðarrofi til að virkja sjálfvirkar hurðir.



GC 342+


3D öryggisskynjari sem veitir fullkomið öryggi samkvæmt EN16005.



Ending og gæði í 60 ár

Við hjá Járni & Gleri leitumst við að bjóða aðeins upp á vörur sem við vitum að munu standast kröfur viðskiptavina okkar um endingu og gæði. Þess vegna höfum við um árabil selt hurðarhúna, skrár og baðvörur frá portúgalska framleiðandanum JNF. Fyrirtækið hefur allt frá stofnun þess árið 1965 verið talið meðal framsæknustu framleiðenda hurðaútbúnaðar í Evrópu, enda hefur JNF alla tíð lagt áherslu á að bregðast við kvikri eftirspurn og markaðsaðstæðum hverju sinni.

Meðal þess sem Járn & Gler selur frá JNF og Dline eru margvíslegar vörur í baðherbergið. Hjá okkur geturðu fengið hvers kyns snaga, standa, slár, snerla, handföng og annað sem er ómissandi í hverju baðherbergi. Þar að auki erum við með ríkulegt úrval af hvers kyns hurðaútbúnaði frá JNF; hvort sem það eru slúttjárn, lamir, stopparar, skrár eða heilu rennihurðabautirnar þá færðu það hjá okkur.



ISEO og Otto



Vörur í fremstu röð

Aðgengi er okkur hjá Járni & Gleri mikið hjartansmál. Þess vegna bjóðum við upp á lausnir frá ISEO sem framleiðir einhverjar bestu læsingar og aðgangsstýringarbúnað sem völ er á. Síðan 1969 hefur ISEO Ultimate Access Technologies verið leiðandi á sviði öryggis- og aðgangsstýringar fyrir heimili, fyrirtæki og opinbera staði eins og járnbrautarstöðvar, flugvelli og neðanjarðarlestir. Má þar meðal annars nefna lyklalausar neyðaropnara og „panikbúnað“ sem auðvelda skjóta rýmingu húsnæðis.

Hjá okkur færðu jafnframt úrval af hágæða þéttiefni og lími sem eru ómissandi við hvers kyns framkvæmdir. Við seljum fjölbreyttar vörur frá Otto sem standast bæði tímans tönn og íslenska veðráttu. Til að mynda:

Perfect
sealing & bonding

OTTO SEAL S100
OTTO SEAL S70
OTTO SEAL M500

Quality creates cohesion
otto-chemie.com

OTTO CHEMIE
SEALING & BONDING



P305 Polyurethane

Hágæða þéttiefni tilbúið til notkunar, sem þornar við hita og raka andrúmsloftsins. Ætlað til notkunar á mörgum stöðum í byggingariðnaði, svo sem til þéttingar á þenslufúgum og samskeytum milli glugga- og hurðaeininga. Mjög mikil viðloðun við ógrunnað efni eins og gler, stein, ryðfrítt stál, „anodized“ ál og tré.



S100 Baðherbergissílikon

Frábært til þéttingar á samskeytum flísa og hreinlætistækja. Til fyllingar á þenslufúgum veggja og gólfs, sem og þétting milli hurða, glugga - bæði úti og inni. Sérstaklega gott til toppfyllingar og fúgufyllingar við glerjun. Mjög góð viðloðun við keramikflísar með eða án glerjungs.



... allt fyrir grillarann

Járn & Gler hefur verið umboðsaðili Weber á Íslandi allt frá árinu 1998. Sala á Weber-grillum og grillaukahlutum hefur vaxið jafnt og þétt allar götur síðan enda eru vörurnar frá Weber meðal þeirra mest seldu í heiminum í dag. Saga Weber spannar 70 ár og markast af stöðugri nýsköpun, áherslu á gæði og ástríðu fyrir eldamennsku.

Í Webersalnum að Skútuvogi 1H geturðu séð og mátað þig við fjölbreytt grill, hvort sem það eru gas-, kola- eða ferðagrill, auk þess að geta nálgast alla fylgihluti fyrir hina fullkomnu grillveislu á sama stað.



Listalagerinn



Allt fyrir listina

Við hjá Járni og Gleri höfum um árabíl útvegað listafólki og innrömmurum um land allt, vörurnar sem þau þurfa til starfa sinna. Hjá okkur fæst til að mynda karton og pappír frá hinu 110 ára fyrirtæki Royal Moorman, gott úrval af römmum frá Salvadori Cornici, ítölsku fjölskyldufyrirtæki með 50 ára sögu. Listmálarastrigi frá Claessens, blindrammar og ástrekkir strigar frá Vindelev ásamt akrýllitum frá Maimeri. Auk þess útvegum við vélar til innrömmunar frá Morsö, Cassese og Fletcher.

Hjá Járni og gleri er einnig hægt að fá myndagler frá lettneska framleiðandanum Groglass sem sérhæfir sig í framleiðslu á speglafríu gleri með UV vörn þannig að verkið nýtur sín og stenst tímans tönn.

Vindelev Blindrammefabrik

— for den kreative, der vil lidt mere...

Vi fører alt hvad du har brug for
når du skal udtrykke dig kreativt!



facebook.com/blindramme



instagram.com/vindelev_blindrammefabrik

Banevej 6, Ølholm, DK 7160 Tørring | Tlf. 7580 5400

E-mail: info@vindelev-ramme.dk | www.vindelev-ramme.dk




Heildstæðar lausnir

Við hjá Járni & Gleri höfum komið að mörgum krefjandi verkefnum í gegnum árin. Með fjölbreyttu vöruúrvali og aðstoð við uppsetningu höfum við getað boðið viðskiptavinum okkar heildstæðar lausnir; allt frá nýframkvæmdum til endurnýjunar á eldri inngangshurðum með sjálfvirku rennidrifi eða hurðaopnara. Þar hafa Aluprof álkerfin og rafdrifinn búnaður frá GEZE oft leikið lykilhlutverk, sem þú færð hjá okkur.

Royal Moorman Karton
Matboard and Museumboard

Since 1912





Hurðir og hlið í úrvali

Ef þú ert í leit að glugga- eða hurðabúnaði þá er Járn & Gler með lausnina fyrir þig. Hjá okkur geturðu nálgast fjölbreyttar, stílhreinar og endingargóðar hurðalausnir sem henta jafnt heimilum og fyrirtækjum. Járn & Gler býður þannig upp á fjölda vara frá Hawa sem sérhæfir sig í rennihurðabrautum sem notið hafa mikilla vinsælda. Meðal þeirra er Acoustics-línan frá Hawa sem ekki aðeins er auðveld í uppsetningu heldur er jafnframt hljóðdempandi. Hawa Concepta gerir allar innréttingar að glæsilegu húsgagni. Með einu handtaki er hægt að láta eldhústækin hverfa á bakvið skápshurð þökk sé snildar hönnun.

Járn & Gler sérpantar jafnframt felligardýnur frá Jalusi eftir málum viðskiptavina sinna. Hið sænska Jalusi er þekkt fyrir hágæða felligardýnur sem henta fullkomlega til að loka lúgum, framhliðum verslana og fleira. Fyrir vikið má nálgast vörur fyrirtækisins um allan heim og er Ísland þar engin undantekning.



Hér finnurðu okkur

Líttu við hjá okkur í Skútuvgi 1H í Reykjavík og við hjálpum þér að finna réttu lausnina. Í Skútuvgi bjóðum við ekki aðeins upp á velútbúinn sýningarsal heldur einnig okkar eigið brugghús og ölstofu undir nafninu Malbygg. Skál fyrir þér!



Járn & Gler ehf.

Skútuvgur 1H • Barkarvogsmegin

104 Reykjavík

585-8900

jarngler@jarngler.is • www.jarngler.is

Afgreiðslutímar

Mánudagar – fimrudagar:

08:00 – 16:00

Föstudagar:

08:00 – 15:15